

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 176/2015**

2017/EES/3/02

frá 10. júlí 2015

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/489 frá 23. mars 2015 um leyfi fyrir selenmeþíóníni, sem er framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R645, sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/502 frá 24. mars 2015 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 sem fôðuraukefni fyrir mjólkurkúr (handhafi leyfis er Micro Bio-System) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/518 frá 26. mars 2015 um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 sem fôðuraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, aukategundir alifugla til eldis og aukategundir alifugla sem eru aldar til varps og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 361/2011 að því er varðar samrýmanleika við hnislalyf (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional products Sp. z o.o) ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fôður. Ákvæði löggjafar um fôður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði II. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 2z (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 361/2011):
„eins og henni var breytt með:
– **32015 R 0518:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/518 frá 26. mars 2015 (Stjtið. ESB L 82, 27.3.2015, bls. 75).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 127. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/264):
„128. **32015 R 0489:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/489 frá 23. mars 2015 um leyfi fyrir selenmeþíóníni, sem er framleitt með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R645, sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 78, 24.3.2015, bls. 5).
129. **32015 R 0502:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/502 frá 24. mars 2015 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC R404 sem fôðuraukefni fyrir mjólkurkúr (handhafi leyfis er Micro Bio-System) (Stjtið. ESB L 79, 25.3.2015, bls. 57).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 78, 24.3.2015, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 79, 25.3.2015, bls. 57.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 82, 27.3.2015, bls. 75.

130. **32015 R 0518**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/518 frá 26. mars 2015 um leyfi fyrir blöndu með *Enterococcus faecium* NCIMB 10415 sem fôðuraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, aukategundir alifugla til eldis og aukategundir alifugla sem eru aldar til varps og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 361/2011 að því er varðar samrýmanleika við hníslalyf (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi er DSM Nutritional products Sp. z o.o) (Stjtið. ESB L 82, 27.3.2015, bls. 75).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2015/489, (ESB) 2015/502 og (ESB) 2015/518, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júlí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júlí 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.